

**L Ö G**

um breytingu til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, er taki gildi 1. janúar 1966, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á lögum nr. 55/1962:

1. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 12. gr. til að taka kjara-deilu til meðferðar framlengist til 1. september 1965.

2. Frestur aðila samkvæmt 1. mgr. 14. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. október 1965.

3. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 16. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 1. desember 1965.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

Nr. 27.

21. apríl 1965.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 14 20. marz 1957.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað 1. málsgreinar 16. gr. laganna komi:

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 21 virkan dag og einskis í missa af föstum launum. Þeir starfsmenn, sem verið hafa í þjónustu ríkisins í 10 ár, skulu fá orlof í 24 virka daga. Starfsmönnum, sem eiga að baki lengri þjónustualdur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum. Nánari reglur um orlof skal setja með reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi fallin lög nr. 14 20. marz 1957.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*